

Icelandic Financial Reform Initiative

www.IFRI.is – ifri@ifri.is

Hugveita um úrbætur á fjármálakerfinu

Reykjavík, 16.03.2012

Umsögn til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis á 140. löggjafarþingi 2011-2012
um þskj. 111 – 111. mál:

Frumvarp til laga um breytingu á lagaákvæðum um hlutaskrá og safnreikninga

Hugveita um úrbætur á fjármálakerfinu (IFRI) er almennt hlynnt frumvarpinu sem hér um ræðir og tekur undir sjónarmið um að auka skuli gegnsæi eignarhalds fyrirtækja. Við teljum þó að í frumvarpinu sé ekki gengið nógu langt í að gera þessar upplýsingar opnar og aðgengilegar með frjálsum og auðveldum hætti og viljum því með athugasemdum okkar koma á framfæri tillögum sem ganga jafnvel lengra.

Almennt teljum við til bóta að fyrirtækjum sé gert að veita upplýsingar um hverjir séu eigendur þeirra. Hinsvegar er það til lítils ef þessar upplýsingar eru ekki greiðlega aðgengilegar. Má þar nefna að ekki er alltaf augljóst hvar starfsstöð fyrirtækis er að finna svo þangað megi leita eftir upplýsingum. Sé eignarhaldið auk þess falið á bak við önnur fyrirtæki, eignarhaldsfélög, og aðrar skeljar, getur verið erfitt að átta sig á því hverjir raunverulegir eigendur eru.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins

1. gr.

Með greininni yrði fjármálaeftirlitinu gert skylt að safna upplýsingum um eignarhluti sem varðveittir eru á safnreikningum og eigendur þeirra. Við leggjum til að við greinina eins og hún er orðuð í frumvarpinu bætist ný málsgrein svohljóðandi: „Upplýsingar sem Fjármálaeftirlitið birtir opinberlega skulu gerðar aðgengilegar almenningi með sem auðveldustum hætti án endurgjalds.“ Jafnframt verði ákvæðið útskýrt í greinargerð með þeim hætti að aðgengisskyldu þessa megi til dæmis uppfylla með vefaðgangi.

2. gr.

Með greininni yrði fyrirtækjum gert skylt að halda hlutaskrá og gera hana aðgengilega á skrifstofu sinni. Við teljum ekki nógu langt gengið, því áfram yrði hægt að fela eignarhald með því að velja fyrirtækinu einfaldlega heimilisfang á einhverjum stað sem er óaðgengilegur.

Ljóst er að fyrirtæki hafa jafnvel sum enga formlega skrifstofu, heldur eru aðeins til sem andlitslaus kennitala (svokölluð „skúffufyrirtæki“). Þetta fyrirsjáanlega vandamál má koma í veg fyrir með því að gera þá breytingu á lögum nr. 17/2003 um fyrirtækjaskrá að í 4. gr. þeirra laga verði bætt við nýjum tölulið svohljóðandi: „Nafn, lögheimili, kennitölu og eignarhluti eigenda.“ og ákvæði 7. gr. laganna þar sem segir að „Þeim sem skráðir eru í fyrirtækjaskrá er skylt að tilkynna ríkisskattstjóra allar breytingar er varða skráningu skv. 1-8. tölul. 4. gr.“ verði einnig breytt þannig að það taki til hins nýja töluliðs.

Auk þess að kveða á um áður nefnda upplýsingaskyldu mælumst við til þess að 2. mgr. 8. gr. laga nr. 17/2003 um fyrirtækjaskrá verði felld brot og í staðinn komi ný málsgrein svohljóðandi: „Upplýsingar úr fyrirtækjaskrá skulu gerðar aðgengilegar almenningi með sem auðveldustum hætti án endurgjalds.“ Jafnframt verði þetta ákvæði útskýrt í greinargerð með þeim hætti að aðgengisskyldu þessa megi til dæmis uppfylla með vefaðgangi.

3. gr.

Sjá athugasemdir við 2. gr. varðandi hlutafélög sem við leggjum til að gildi einnig hér um einkahlutafélög á sambærilegan hátt og þar er gerð grein fyrir.

Framtíðarsýn

Við viljum vekja athygli á því að e.t.v. er ekki nógu langt gengið með því að kveða einungis á um aukna upplýsingaskyldu. Verði eftir sem áður hægt að dylja raunverulega eigendur fyrirtækja á bak við erlent eignarhald og langar eignarhaldskeðjur, er hætt við að frumvarpið nái ekki markmiðum sínum nema að takmörkuðu leyti. Opinberlega aðgengilegar upplýsingar gætu orðið gagnslitlar ef umfang þeirra og flækjustig yrði að hindrun í sjálfu sér.


Til þess að taka megi á þessu vandamáli viljum við leggja til að með lögum verði kveðið á um þrjár einfaldar takmarkanir eignarhalds á fyrirtækjum:

1. Fyrirtæki eigi ekki önnur fyrirtæki eða eignarhaldsfélög.
2. Eingöngu einstaklingar og eignarhaldsfélög geti átt fyrirtæki.
3. Eingöngu einstaklingar geti átt eignarhaldsfélög.

Þannig gæti lagskipting eignarhalds aldrei orðið meira en þrjú stig og einfalt yrði að átta sig á hvar raunverulegt eignarhald og áhrif liggja. Slíkt fyrirkomulag myndi varla torvela á nokkurn hátt rekstur fyrirtækja sem stunda einungis eðlilega atvinnustarfsemi og heilbrigða viðskiptahætti.

Athugið að nánari umfjöllun um tillögur hugveitunnar má finna á vefsíðunni: <http://www.ifri.is>

f.h. IFRI: Hugveitu um úrbætur á fjármálakerfinu



Guðmundur Ásgeirsson